

Svar

félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur um fólk á flóttu og stuðning sveitarfélaga.

1. *Hver er opinber stefna ráðuneytisins í þjónustu við fólk á flóttu?*

Opinber stefna stjórnvalda hvað varðar þjónustu við flóttafólk birtist m.a. í ákvæðum laga um útlendinga, nr. 80/2016, og ákvæðum reglugerðar um útlendinga, nr. 540/2017, sem og í ákvæðum laga um málefni innflyttjenda, nr. 116/2012. Þá er í fimmtu stoð þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflyttjenda fyrir árin 2022–2025, nr. 29/152, tilgreindar sérstakar aðgerðir er snúa að móttöku flóttafólks og inngildingu þess í íslenskt samfélag en þingsályktunin var samþykkt á Alþingi 16. júní 2022.

2. *Með hvaða hætti hafa stofnanir ríkisins óskað eftir samstarfi við sveitarfélög um móttöku fólks á flóttu og hvernig hafa viðbrögð sveitarfélaganna verið?*

Vinnumálastofnun sem fer með þjónustu umsækjenda um alþjóðlega vernd er í samstarfi við þau sveitarfélög þar sem stofnunin kemur upp húsnæðisúrræðum fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Þá vinnur Fjölmennigarsetur náið með sveitarfélögum í samræmi við ákvæði laga um málefni innflyttjenda, nr. 116/2012, en í því sambandi má m.a. nefna aðstoð Fjölmennigarseturs í tengslum við vinnu sveitarfélaga við gerð móttökuáætlana vegna móttöku innflyttjenda og stuðning stofnunarinnar við framkvæmd sveitarfélaganna á samræmdri móttöku flóttafólks. Sveitarfélögin hafa almennt verið samstarfsfús við framangreindar stofnanir.

3. *Kemur til greina að sett verði lög að norrænni fyrirmund til að fleiri sveitarfélög taki á móti fólk á flóttu?*

Ráðuneytið er með það til skoðunar hvort rétt sé að leggja til við Alþingi að sett verði lög að norrænni fyrirmund í því skyni að fjölgum heim sveitarfélögum sem taka á móti flóttafólk en enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort slíkar tillögur verði lagðar fram.

4. *Hvenær gerir ráðherra ráð fyrir því að búið verði að fjölgum sveitarfélögum sem eru með samning um þjónustu við fólk á flóttu?*

Gert er ráð fyrir að fyrir lok árs 2022 verði búið að semja við fleiri sveitarfélög um þjónustu við flóttafólk.

5. *Liggur fyrir aðgerðaáætlun hjá ráðuneytinu er varðar stuðning til sveitarfélaga sem taka á móti fólk á flóttu? Ef hún er ekki þegar til, hvenær má áætla að von sé á slíkri áætlun?*

Fyrir liggja drög að rammasamningi um stuðning til sveitarfélaga í tengslum við samræmda móttöku flóttafólks en hvert sveitarfélag getur verið aðili að slíkum samningi við ráðuneytið.